

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2019  
UST201812-169/A.B.B.  
04.03

### **Samráðsgátt – Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi**

Umhverfisstofnun vísar til máls nr. S-257/2018 í samráðsgátt stjórnvalda, sem varðar samráð um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), sem samið er í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi:

Í 7. gr. frumvarpsins í ákvæði (6. gr. a.) um áhættumat erfðablöndunar ætti að koma skýrt fram að við útgáfu starfsleyfa skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ætti leyfisveitandi að samræma ákvæði starfsleyfis um umfang starfsemi við umfang sem Matvælastofnun ákveður í rekstrarleyfi m.t.t. áhættumats erfðablöndunar.

Í 7. gr. frumvarpsins í ákvæði (6. gr. b.) um burðarþolsmat ætti að koma skýrt fram að við útgáfu starfsleyfa skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ætti leyfisveitandi að taka fullt tillit til burðarþolsmats og samræma ákvæði starfsleyfis um umfang starfsemi við umfang sem Matvælastofnun ákveður í rekstrarleyfi.

Í 7. gr. frumvarpsins leggur Umhverfisstofnun til nýtt ákvæði (6. gr. c.) þar sem komi skýrt fram að miða skal við tiltekna firði eða eldissvæði við ákvörðun áhættumats erfðablöndunar og burðarþolsmat. Þannig yrði komið í veg fyrir að gefið yrði út áhættumat erfðablöndunar fyrir eitt skilgreint svæði þar sem tvö eða fleiri burðarþolsmöt væru innan þess svæðis. Rétt er að hver fjörður eða eldissvæði hafi sitt burðarþolsmat og áhættumat.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um skiptingu í eldissvæði en í þessu samhengi þarf að gæta þess að samræmi sé á milli ákvörðunar eldissvæða og fyrirkomulags í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Innleiðing vatnatilskipunar Evrópusambandsins hófst árið 2011 en lá niðri um árabíl. Vinnan hefur nú farið af stað á ný og liggur fyrir að Umhverfisstofnun, í samvinnu við aðrar stofnanir þ.á.m. Hafrannsóknastofnun, taki á næstu misserum ákvarðanir um fjölda og afmörkun vatnshlota, gerðaskiptingu, gæðapætti, viðmiðunaraðstæður og flokkunarkerfi fyrir ástand vatnshlota. Hafrannsóknastofnun

hefur nú þegar unnið tillögur að vatnshlotum í strandsjó í tengslum við stjórn vatnamála. Samkvæmt frumvarpinu sem nú liggur fyrir á Hafrannsóknastofnun að skipta hafsvæðum í eldissvæði. Telur Umhverfisstofnun að hér geti verið samlegðaráhrif með stjórn vatnamála en skoða þarf hvort eldissvæði gætu þá verið skilgreind sem vatnshlot sbr. lög um stjórn vatnamála.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt fyrir Matvælastofnun að taka rökstudda afstöðu til álits um mat á umhverfisáhrifum **áður en tillaga að rekstrarleyfi er auglýst** opinberlega. Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir í 2. mgr. 13. gr. að **við útgáfu leyfis** skuli leyfisveitandi kynna sér matskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Rétt er að samræma tímasetningu þess hvenær leyfisveitandi tekur afstöðu til álitsins.

Í III. kafla frumvarpsins fellur brott 2. mgr. 58. gr. laga nr. 7/1998 um þjónustusamning milli Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar um eftirlit, þannig að Umhverfisstofnun mun sinna eftirliti með beinum hætti í fiskeldi á ný og telur stofnunin það vera jákvætt.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri

Agnar Bragi Bragason

Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri